

# Listaháskóli Íslands

## Samfélag án lista?



### Listirnar sem auðlind:

RITARI: Ilmur Dögg Gísladóttir

Manneskjan er auðlind. Manneskja sem getur tjáð sig á listrænan hátt er rík. Skapandi kraftur er auðlind til framtíðar, ótæmandi. Við höfum ekk enn fundið upp nýja mælikvarða til að mæla betra líf.

Við erum mótuð af gamaldags hugmyndum um auðlindir og þær henta ekki listunum. Það er ekki hægt að segja nei við listum og þeir sem telja sig ekki menningarlega sinnaða eru ekki að skilja hvað í listunum og menningunni felst.

Listin verður er ekki klofin frá mannlegri tilvist.  
Listin er samofin lífinu sjálfu.

Listin er brunnur sem aldrei tæmist og heimur án lista er fátækur heimur.

Listin getur verið lækning og vopn. Menningin hugsar um hag fjöldans en ekki einstaklingsins. Listin þrífst þrátt fyrir lítið fé. Listin snýst um stóru hugmyndirnar og gildi mannlegrar tilvistar.

Við verðleggjum allt en metum það ekki sem skildi.

Gildi listanna er ekki fólgið í hagnaði. Andleg verðmæti.

### Fjármögnun listanna:

Listamaðurinn menntar sig, hann þarf að greiða reikninga, eftir nám skuldar hann 8- 20 milljónir í LÍN. Þegar listamanninum er boðið að sýna á opinberu safni að þá fær hann ekki greitt heldur borgar með sér. Þessu viðhorfi þarf að breyta. Það þarf hugarfarsbreytingu. Peningarnir eru til.

Ferðamannaíðnaðurinn malar gull. Undirstöður hans eru listirnar og náttúran. Ef skoðaðir eru viðburðir eins og Iceland Airwaves að þá fá allir borgað þar, nema íslensku tónlistarmennirnir. Þessu þarf að breyta.

Fjármögnunarleið listanna þarf að koma úr samfélaginu. Skoða þarf samhengi hlutanna til að sjá hvar verðmætin liggja.

Kakan er alveg nógu stór það þarf bara að skipta henni jafnt.

Hvers virði eru býflugur? Jú það er hægt að taka hunangið og sjá hvað það kostar en í raun frjövga býflugurnar allt. Það er eins með listirnar, þær frjövga allt og eru okkur lífsnauðsynlegar. Hugmyndir sem eiga sér ekki rekstrarlegan grundvöll fjármagnast t.d. í gegnum fjöldafjármögnun. Veita ætti einstaklingum skattaafslátt fyrir að styrkja listirnar.

Listirnar eru grunnstoðir samfélagsins og veita ætti listamönnum grunnframfærslu (borgaralaun) - athugasemd úr sal.

Listamenn og listasöfn eru að sækja í sömu sjóði. Girða þarf fyrir það, listamenn þurfa stærrí sjóð að sækja í og vera ekki í samkeppni við söfnin.

Vinsælir áfangastaðir erlendis s.s. Berlín þar sem rukkaður er ferðamannaskattur, að þar fær menningin 1/3 af ferðamannaskattinum. Það mætti taka það kerfi upp hér.

### Framtíð listanna:

Fleiri en listamenn þurfa að átta sig á gildi listanna. Í framtíðinni er samsetning samfélagsins önnur. Þá koma fleiri ólíkir aðilar að menningunni og þá erum við ekki að eiga í þessari samræðu. Í framtíðinni er listmenntun ekki afstætt fyrirbæri.

Við speglum samfélagið í listunum. Í framtíðinni eru allar manneskjur skapandi, listin er allsráðandi og kapítalisiminn hefur liðið undir lok. Þá verður eitthvað nýtt komið fram.

Það vantar stórt hreyfiafl sem knýr hagsmuni listanna áfram.

# Listaháskóli Íslands

## Samfélag án lista?



Ávarp fbi – framtíðin án lista.

03.09.16

Kæru fundargestir!

I. Hugmyndin um dag án lista spratt upp í Ástralíu árið 1989 sem sorgarviðbragð við dauðsföllum vegna eyðni. Listirnar urðu beinlínis myndhverfing þess missis, söknuðar og þeirrar samfélagslegu blóðtöku sem ótímabær dauðsföll ungs fólks leiddi af sér. Hugmyndin um líf án lista hefur farið víða síðan og ætíð vakið fólk til vitundar um það hversu órjúfanlegur þáttur listirnar eru í lífi okkar allra – í sjálfum kjarna samfélagsgerðarinnar.

Við erum hins vegar ekki komin í dag hingað til að syrgja, heldur þvert á móti til að fagna. Við fögnum meðvitundinni um það að enginn er ósnortin af listum, að listir eru samofnar öllu okkar daglega amstri jafnvel þótt við séum ekki listneytendur af nokkru tagi. Þær eru í lyftunni, verslunarmiðstöðinni, á götum og torgum, í útvarpinu, sjónvarpinu, bíóinu, götumyndinni. Það er ekki hægt að komast hjá listum í daglegu lífi. Sem betur fer – því án lista væri hver dagur sorgardagur.

II. Við ætlum að velta upp þremur flötum er varða listir í dag. Sá fyrsti er “listirnar sem auðlind”. Árið 2001 kom út skýrsla Ágúst Einarssonar sem sannaði svo um munaði að þeir fjármunir sem lagðir eru í listir af skattgreiðendum eru ekki nema brot af þeim tekjum sem listirnar aflu ríkissjóði. Síðan þetta var hefur alltof veigamikill þáttur í umræðu um listir farið í að sanna að listirnar séu ekki byrði á samfélaginu þrátt fyrir að tölfræði og skýrslur séu skýr vitnisburður um annað.

Allir þeir sem vilja horfast í augu við sannleikann vita að listirnar borga ekki bara fyrir sig heldur rausnarlega með sér. Vita að skapandi greinar skaffa á milli 15 – 20 þúsund störf, umtalsvert fleiri ársverk en landbúnaður, fiskiðnaður eða orkuiðnaður. Þeir vita líka að listirnar eru auðlind í miklu mun breiðari skilningi en þeim sem metinn verður í krónum og aurum. Um það er þó nánast aldrei rætt – nema til að sykurhúða orðagjálfur við hátíðleg tækifæri.

Hugsum okkur hvernig ímynd Ítalíu væri án þeirrar helstu auðlindar – menningararfsins sem við eignum okkur öll; Vínarborg ef hún væri ekki mekka tónlistarunnenda. Reynum hreinlega að sjá fyrir okkur hvað allt það sem túrismi heimsbyggðarinnar teflir fram sem söluvöru, væri fátæklegt án listviðburða og menningararfsins. Það er ekki fyrr en við horfum á hugmyndafræðilegt eðli sjálfrar auðlindarinnar sem við getum áttað okkur á því hvers konar missir það væri fyrir hagkerfi heimsins ef listirnar væru takmörkuð auðlind, líkt og fiskur, fallvötn eða olía.

III. Annað efni sem við ætlum að skoða er “fjármögnun listanna”. Í því sambandi er vert að hafa í huga að verðmæti listanna eykst verulega eftir því sem tímanum vindur fram. Og þá er ég ekki að hugsa um mánuði eða misseri, heldur áratugi og árhundruð. Eftir því sem listirnar eldast, eykst verðmæti þeirra til svo mikilla muna að ekki er lengur hægt að meta þær til fjár. Þannig er ekki hægt að slá verði á handritaeign Íslendinga, eða hugverk Shakespeares. Ekki heldur á tónheim Beethovens eða Bjarkar Guðmundsdóttur. Hver getur verðlagt byggingarlist píramídanna, snilldarhugsun þess sem “hannaði” fyrsta hjólið eða hellamálverk frummansins? Enginn.

Við skulum hafa hugfast í þessu sambandi að það er enginn eðlismunur á þessari fornu og ómetanlegu listsköpun sem ég var að nefna og því sem er að gerast í listum samtímans. Við höfum ekki hugmynd um hvað á eftir að verða ómetanlegt og hvað ekki. Það sem við vitum þó fyrir fullt og fast er að heildarmyndin – öll sú samanlagða sköpun sem á sér stað á hverjum tíma er mesta auðlind hvers samfélags og oft á tíðum það eina sem eftir stendur þegar tímar líða fram og nýjar kynslóðir hafa tekið við.

Af hverju er þá alltaf svona erfitt að fjármagna listirnar?

**IV.** Þriðji flöturinn sem okkur langar til að ræða hér í dag lýtur að “fram tíð listanna”. Í því sambandi er mér sjálfri efst í huga hvernig við ætlum að halda utan um þá auðlind sem felst í menningararfleifð og listsköpun okkar hér á Íslandi. Undanfarna áratugi hefur umræða um nýtingu auðlinda verið okkur mikið bitbein. Fólki hefur verið heitt í hamsi enda takast þarna á gríðarlegir hagsmunir, ekki síst ef horft er til skamms tíma eða skjóts ábata.

Nánast engin umræða hefur farið fram um nýtingu þeirrar óþrjótandi auðlindar sem felst í menningararfinum eða um stefnumótun þar að lútandi. Það er alveg augljóst að auðlind sem fáir þekkja eða enginn veit af skilar engum arði. Ónýtt auðlind er einfaldlega glatað fé. Í tilviki listanna vill þó svo til, eins og ég sagði áðan, að auðlindin er ekki takmörkuð nýtingarmöguleikarnir því óendanlegir.

Listir, sem atvinnuvegur eða veigamikil arfleifð, eiga sér mjög stutta sögu á Íslandi ef viðmið er tekið t.d. af þeim vestræna arfi sem við þekkjum best – að bókmenntunum undanskildum. Saga atvinnulistamanna á Íslandi er rétt rúmlega 100 ára og okkur því í lófa lagið að halda utan um hana og varðveita. Við búum við mjög sérstök sóknarfæri hvað þetta varðar, en nýtum þau ekki. Eigum þvert á móti á hættu að ómetanleg listaverk lendi hreinlega í glatkistunni. Að listsköpunin, sem uppspretta og undirstaða vitsmunalegrar og efnahagslegrar velferðar, renni bara hjá, óáreitt út í ómínnishafið án þess að nokkur taki eftir því.

Þeim arfi, sem við þó höfum borið gæfu til að halda saman t.d. í söfnum, gerum við heldur ekki viðunandi skil. Allar safnastofnanir – og raunar allar menningarstofnanir – eru fjársveltar og undirfjármagnaðar. Jafnvel svo að það sætir undrum að þær skuli yfirleitt vera til því yfirbyggingin er svo lítil. Listamenn njóta iðulega ekki launa í samræmi við vinnuframlag eða menntun, hvort heldur sem litið er til hins opinbera eða einkageirans.

Í ljósi þess að listirnar eru áhrifamáttur sem gegnumsýrir allt samfélagið hljótum við að spyrja okkur af hverju fjármögnunarkerfi listanna séu svona veikburða. Af hverju það eru ekki biðraðir eftir því að fá að leggja fjármagn í listirnar – þessa auðlind sem svo vel stenst tímans tönn.

Ein skýring gæti verið sú að arðurinn af auðlindinni innheimtist á svo löngum tíma. Þeir sem sem styrktu Leonardo til að mála Monu Lisu gat aldrei órað fyrir þeim ótrúlega uppsafnaða virðisauka sem það listaverk eitt og sér hefur skapað í heimssögunni. Önnur skýring gæti verið sú að menningarstofnanir geta rambað á barmi hallareksturs ár og síð og alla tíð ef starfsemi þeirra er metin einangrað, en verið á sama tíma það aðdráttarafi sem t.d. knýr áfram ferðamannaíðnaðinn og skilar hagnaði í vasa annarra; gistihúsa, flugfélaga og allra þjónustuaðila. Myndin er flókin, en augljóslega þess virði að kryfja hana líkt og við gerum tilraun til hér.

Fyrst og síðast vil ég þó minna á að ef við ekki hlúum að listunum munum við glata ómetanlegum tækifærum til vaxtar, ekki einungis veraldlega heldur einnig hvað lífsgæði okkar, hugvit og þroska varðar. Við munum glata mikilvægustu uppsprettu andlegrar auðlegðar okkar; þeirri uppsprettu sem nærir komandi kynslóðir, hugsun þeirra og nýsköpun. Verðmæti listanna felst í hinu ófyrirséða – í því sem aðrar greinar þjóðlífsins geta ekki skapað eða miðlað, en er samt sem áður kjarni tilvistar okkar.